



SAMSTARF MENNTA- OG VELFERÐARSVIÐS

ÁÆTLUN UM SAMSTARFSVERKEFNI

Janúar 2019

Samstarfshópur mennta- og velferðarsviðs

Anna Eygló Karlsdóttir

Guðlaug Ósk Gísladóttir

Ingunn Mjöll Birgisdóttir

Ragnheiður Hermannsdóttir

Sigurlaug Bjarnadóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Frístund 1.-4.bekkur og félagsmiðstöðvar 5.-10.bekkur	5
Verkefni I: Þróun þjónustu frístundar	5
Verkefni II: Nýting á frístundastyrk barna	5
Verkefni III: Þróun þjónustu félagsmiðstöðva	5
Tómstundir og íþróttastarf	6
Verkefni I: TUFF – hvatning til þátttöku í íþróttum og tómstundum.....	6
Verkefni II: Þátttaka barna með sértækar þarfir í íþróttum	6
Leik- og grunnskólar.....	6
Verkefni I: Þjónustuteymi fyrir börn með sértækar þarfir	6
Verkefni II: Klókir litlir krakkar- kvíðanámskeið fyrir foreldra 3-6 ára barna.....	6
Verkefni III: Klókir krakkar- kvíðanámskeið fyrir 8-12 ára börn og foreldra þeirra	7
Verkefni IV: Haltu kúlinu- kvíðanámskeið fyrir börn á aldrinum 13-18 ára	7
Verkefni V: Innleiðing PMTO-uppeldisráðgjöf	7
Verkefni VI: Samstarf leikskóla og barnaverndar	7
Verkefni VII: Tengiliðir barnaverndar við leikskóla	7
Verkefni VIII: Krakkarnir í hverfinu- forvarnarsýning fyrir börn	8
Verkefni VIII: Viðmið vegna skólasóknar	8
Verkefni X: Tengiliðir barnaverndar við grunnskóla	8
Verkefni XI: Samráð og samstarf vegna færslu nemenda með sértækar þarfir úr 10. bekk yfir í framhaldsskóla.....	8
Verkefni XII: Gerð leiðbeinandi reglna um upplýsingagjöf	9
Verkefni XIII: Samvinna vegna grunnskólabarna sem fara í vistun utan heimilis	9
Verkefni XIV: Samstarf menntasviðs, barnaverndar, heilsugæslu og BUGL	9
Sumarnámskeið.....	9
Verkefni I: Kynning á sumarnámskeiðum og atvinnu	9
Aldraðir	10
Verkefni I: Nýliðakynning	10
Verkefni II: Félagsleg einangrun eldri borgara	10
Önnur samstarfsverkefni	10
Verkefni I: Bæklingur fyrir erlenda foreldra	10
Verkefni II: Eftirfylgni verkferla um ofbeldi	10
Verkefni III: Heimasíða Kópavogsbæjar aðgengileg á mismunandi tungumálum	11
Fylgiskjal I: Samstarfsaðilar.....	12
Fylgiskjal II: Starfsdagur sviðanna	14

INNGANGUR


Sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs skipuðu samstarfshóp í mars 2018 til að vinna að auknu samstarfi sviðanna. Sviðsstjórar töldu mikilvægt að auka samstarfið með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við notendur, upplýsingaflæði á milli sviða og gera verkefni skilvirkari þannig að sviðin veiti heildstæðari þjónustu.

Sviðsstjórar skipuðu eftirfarandi starfsmenn í samstarfshópinn; Önnu Eygló Karlsdóttur, deildarstjóra barnaverndar, Guðlaugu Ósk Gísladóttur, deildarstjóra þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra, Sigurlaugu Bjarnadóttur, deildarstjóra leikskóladeildar, Ragnheiði Hermannsdóttur, deildarstjóra grunnskóladeildar, Ingunni Mjöll Birgisdóttur, verkefnastjóri á menntasviði og Sigríði Sigurjónsdóttur, verkefnastjóri á velferðarsviði. Markmiðin sem samstarfshópurinn setti sér í upphafi voru að auka samvinnu á milli sviðanna og veita heildstæðari og betri þjónustu til íbúa. Efla stuðning við starfsfólk stofnana meðal annars með bættu verklagi og skýrari verkaskiptingu á milli sviða.

Samstarfshópurinn kortlagði öll núverandi verkefni sviðanna og mögulega samstarfsaðila (sjá fylgiskjal I). Hópurinn kallaði eftir ítarlegri upplýsingum frá samstarfsaðilum með sérþekkingu í einstökum verkefnum. Þeir fagaðilar sem komu á fund hjá hópnum voru Amanda K. Ólafsdóttir, deildarstjóri frístundadeildar, Anna Klara Georgsdóttir, deildarstjóri ráðgjafa- og þjónustudeildar aldraðra, Arna Margrét Erlingsdóttir, verkefnastjóri á menntasviði, Donata Honkowicz-Bukowska, kennsluráðgjafi í Álfhólsskóla, Gunnar Guðmundsson, íþróttafulltrúi, Hekla Hannibalsdóttir, verkefnastjóri á menntasviði, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, ráðgjafi í þjónustu- og ráðgjafadeild fatlaðra og Sigrún Bjarnadóttir, skólastjóri Álfhólsskóla. Þakkar samstarfshópurinn þeim kærlega fyrir þeirra vinnuframlag.

Samstarfshópurinn skipulagði sameiginlegan starfsdag sviðanna (sjá fylgiskjal II). Starfsdagurinn var haldinn í Fagralundi þann 23. maí 2018 og boðað var fagfólk allra deilda af báðum sviðum. Markmið dagsins var að styrkja samstarfið, mynda sterkari tengsl á milli starfsfólks og hefja samtal um frekari samvinnu.

Samstarfshópurinn lagði fram leiðir að úrbótum á núverandi verkefnum og kom með eftirfarandi tillögum að nýjum verkefnum með hliðsjón af starfsdeginum, samtali við samstarfsaðila og sérfræðiþekkingar í hópnum.



FRÍSTUND 1.-4.BEKKUR OG FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR 5.-10.BEKKUR

Megin markmið:

Að frístundir skólanna geti mætt börnum með fjölbreyttar þarfir. Að börn með sértækar þarfir fái stuðning til að nýta sér frístund með jafnöldrum sínum. Að börn innflytjenda nýti sér í auknu mæli frístundir skólanna.

Að félagsmiðstöðvarnar geti boðið börnum með sértækar þarfir og ungmennum upp á félagslega afþreyingu. Að sérstaklega verði tekið tillit til innflytjenda þegar starfsemin er skipulögð með það að markmiði að ná þeim inn í starfið.

Verkefni I: Þróun þjónustu frístundar

Markmið: Að öll börn þar með talið börn með sértækar þarfir og börn með annað móðurmál en íslensku geti tekið þátt í frístund.

Samstarfsflötur:

- Að kortlagt verði hvernig koma eigi til móts við börn með sértækar þarfir.
- Að leitað verði leiða til að öll börn hafi tækifæri óháð fjárhag til að geta dvalið í frístund.
- Að horft verði sérstaklega til nemenda með annað móðurmál en íslensku sem nýflutt eru til landsins.

Ábyrgð: Deildarstjóri grunnskóladeildar, deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra og deildarstjóri ráðgjafa og íbúðadeildar.

Verkefni II: Nýting á frístundastyrk barna

Markmið: Að finna fjölbreyttar leiðir í nýtingu frístundastyrks til að auka þátttöku barna í skipulögðu íþrótta-og tómstundarstarfi.

Samstarfsflötur:

- Að kortlögð verði nýting á frístundastyrk.
- Að athugaðar verði nýjar leiðir til að fá foreldra til að nýta styrkinn.

Ábyrgð: Deildarstjóri íþróttaeildar og verkefnastjóri á menntasviði.

Verkefni III: Þróun þjónustu félagsmiðstöðva

Markmið: Að tryggja með markvissum hætti að allir geti sótt félagssmiðstöðvar grunnskólanna.

Samstarfsflötur:

- Að meta stuðning fyrir alla nemendur.
- Að meta hvaða stuðning þarf til að börn með sértækar þarfir geti nýtt sér starf félagsmiðstöðva.

Ábyrgð: Deildarstjóri frístundadeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

TÓMSTUNDIR OG ÍPRÓTTASTARF

Megin markmið:

Að tómsunda- og íþróttastarf geti mætt fjölbreyttum þörfum barna. Sérstök áhersla verði á að börn með sértækar þarfir og börn af erlendum uppruna hafi greiðan aðgang og fái hvatningu til að sækja tómsundir og íþróttir til jafns við jafnaldra sína.

Verkefni I: TUFF – hvatning til þátttöku í íþróttum og tómsundum

Markmið: Að tryggja með markvissum hætti að öll börn og unglingar séu hvött til þátttöku í íþróttum og tómsundum, óháð bakgrunni, uppruna, félagslegum eða efnahagslegum aðstæðum.

Samstarfsflötur: Eftirfylgd með verkefninu og leiðir til að viðhalda því.

Ábyrgð: Stýrihópur TUFF á menntasviði.

Verkefni II: Þátttaka barna með sértækar þarfir í íþróttum

Markmið: Að leita leiða til að auka þátttöku barna í íþróttum.

Samstarfsflötur:

- a) Að vinna þarfagreiningu.
- b) Að auka fræðslu til starfsfólks íþróttafélaga.

Ábyrgð: Deildarstjóri íþróttadeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

LEIK- OG GRUNNSKÓLAR

Megin markmið:

Að leik- og grunnskólar geti mætt fjölbreyttum þörfum barna. Sérstök áhersla verði á að börn með sértækar þarfir og börn af erlendum uppruna fái stuðning við hæfi.

Verkefni I: Þjónustuteymi fyrir börn með sértækar þarfir

Markmið: Að styðja betur við börn og fjölskyldur þeirra til að börnin nái árangri í námi og félagsstarfi.

Samstarfsflötur:

- a) Að formgera verklagsreglur og skoða aðkomu velferðarsviðs að þjónustuteyminum.
- b) Að tengiliður þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra sitji foreldraráðsfundi leikskólanna þegar við á.

Ábyrgð: Deildarstjórar leik- og grunnskóladeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

Verkefni II: Klókir litlir krakkar- kvíðanámskeið fyrir foreldra 3-6 ára barna

Markmið: Að fræða foreldra um eðli kvíða og kenna aðferðir til að takast á við kvíða barnanna.

Samstarfsflötur: Að skipuleggja og halda utan um námskeiðin. Sálfræðingar menntasviðs sem starfa á leikskólunum vísa foreldrum barna sem eru að þróa með sér kvíða á námskeiðinu.

Ábyrgð: Sálfræðingar á menntasviðið og á velferðarsviði.

Verkefni III: Klókir krakkar- kvíðanámskeið fyrir 8-12 ára börn og foreldra þeirra

Markmið: Að fræða börn og foreldra um eðli kvíða og kenna aðferðir til að takast á við kvíða barnanna.

Samstarfsflötur: Að skipuleggja og halda utan um námskeiðin. Sálfræðingar á menntasviði vísa börnum sem eiga við kvíðavanda og foreldrum þeirra á námskeiðin í samstarfi við sálfræðinga á velferðarsviði.

Ábyrgð Sálfræðingar á menntasviðið og á velferðarsviði.

Verkefni IV: Haltu kúlinu- kvíðanámskeið fyrir börn á aldrinum 13-18 ára

Markmið: Að fræða unglinga og foreldra um eðli kvíða og kenna aðferðir til að takast á við kvíða þeirra.

Samstarfsflötur: Að skipuleggja og halda utan um námskeiðin. Sálfræðingar á menntasviði vísa börnum sem eiga við kvíðavanda á námskeiðin í samstarfi við sálfræðinga á velferðarsviði.

Ábyrgð Sálfræðingar á menntasviðið og á velferðarsviði.

Verkefni V: Innleiðing PMTO-uppeldisráðgjöf

Markmið: Að efla PMTO í sveitarfélaginu.

Samstarfsflötur:

- Að skipuleggja innleiðingu og uppbyggingu verkefnisins.
- Að halda námskeið í PMTO fyrir foreldra.
- Að skólar hafi menntaða grunnmenntunaraðila í PMTO.
- Að eiga samstarf um handleiðslu grunnmenntunaraðila.

Ábyrgð Forstöðumaður Áttunnar og deildarstjórar leik-og grunnskóladeildar.

Verkefni VI: Samstarf leikskóla og barnaverndar

Markmið: Að móta verklag varðandi samvinnu barnaverndar og leikskólanna til að auka traust, efla samvinnu og fjölga tilkynningum frá leikskólunum.

Samstarfsflötur:

- Að búa til verklagsreglur á grundvelli niðurstaðna tilraunaverkefnis um samvinnu barnaverndar og leikskóla.
- Að auka fræðslu til leikskólanna um starf barnaverndar.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnaverndar og deildarstjóri leikskóladeildar.

Verkefni VII: Tengiliðir barnaverndar við leikskóla

Markmið: Að auka samstarf barnaverndar og leikskóla, fjölga tilkynningum frá leikskólunum og efla þannig snemmtæka íhlutun í málefnum barna.

Samstarfsflötur:

- Að félagsráðgjafar í meðferðarteymi yngri barna hjá barnavernd séu tengiliðir við leikskólana.
- Að tengiliðir veiti ráðgjöf í einstaklingsmálum og leiðbeini með tilkynningar.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnaverndar og deildarstjóri leikskóladeildar.

Verkefni VIII: Krakkarnir í hverfinu- forvarnarsýning fyrir börn

Markmið: Að veita fræðslu til barna í 2. bekk og gefa þeim tækifæri til að segja frá aðstæðum sínum.

Samstarfsflötur: Blátt áfram sýnir brúðuleikrit í grunnskólunum. Félagaráðgjafar barnaverndar eru til staðar þegar leikritið er sýnt, ásamt fagfólki í skólunum.

Ábyrgð: Skólastjórar grunnskólanna og deildarstjóri barnaverndar.

Verkefni VIII: Viðmið vegna skólasóknar

Markmið: Að bæta skólasókn nemenda og bregðast fyrir við ef um vanda er að ræða.

Samstarfsflötur:

- a) Að fylgja viðmiðum um skólasókn nemenda.
- b) Að halda tölfræði um skólasóknarviðmiðin til að kanna umfang vandans og þróa inngrip.

Ábyrgð: Deildarstjóri grunnskóladeildar, skólastjórar og deildarstjóri barnaverndar.

Verkefni X: Tengiliðir barnaverndar við grunnskóla

Markmið: Að auka samstarf barnaverndar og grunnskóla og efla snemmtæka íhlutun í málefnum barna.

Samstarfsflötur:

- a) Að tengiliður vinni með fagfólki í grunnskólunum.
- b) Að tengiliður sitji nemendaverndarráðsfundi að minnsta kosti einu sinni á hvorri önn.
- c) Að tengiliður fari á leikritið Krakkarnir í hverfinu.
- d) Að tengiliður veiti ráðgjöf símleiðis og haldi kynningu á starfi barnaverndar þegar þess er óskað.

Ábyrgð Deildarstjóri barnaverndar og skólastjórar.

Verkefni XI: Samráð og samstarf vegna færslu nemenda með sértækar þarfir úr 10. bekk yfir í framhaldsskóla

Markmið: Að stuðla að markvissari upplýsingagjöf um framhaldsskólana til að foreldrar og nemendur þekki umsóknarferlið, námsleiðir og þá þjónustu sem framhaldsskólar bjóða upp á.

Samstarfsflötur:

- a) Að útbúa bækling fyrir nemendur.
- b) Að ráðgjafi þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra myndi þjónustuteymi sem í sitja foreldrar viðkomandi barns og starfsmenn grunnskóladeildar.

Ábyrgð: Deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra og deildarstjóri grunnskóladeildar.

Verkefni XII: Gerð leiðbeinandi reglna um upplýsingagjöf

Markmið: Að starfsmenn stofnana hafi aðgang að samræmdu verklagi um aðgangsheimildir foreldra að upplýsingum er varða börn þeirra.

Samstarfsflötur:

- a) Að stofna samstarfshóp menntasviðs, velferðasviðs og lögfræðideildar.
- b) Að safna saman upplýsingum úr leik- og grunnskólum um helstu álitæfnin.
- c) Að gera verklag um aðgangsheimildir foreldra.

Ábyrgð: Deildarstjórar leik- og grunnskóladeildar og deildarstjóri barnaverndar.

Verkefni XIII: Samvinna vegna grunnskólabarna sem fara í vistun utan heimilis

Markmið: Að tryggja börnum sem fara í vistun utan heimilis sérstuðning í þeim grunnskólum sem þau sækja.

Samstarfsflötur:

- a) Að félagsráðgjafi barnaverndar sendi umsókn um grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags til menntasviðs.
- b) Að sérfræðingur menntasviðs staðfesti móttöku og óski eftir fundi í skólanum sem sótt er um í.
- c) Að starfsmenn beggja sviða sækja fundinn og tryggi að gerð sé áætlun um upphaf skólavistar og stuðning fyrir barnið.
- d) Að myndað verði einstaklingsteymi fyrir barnið.

Ábyrgð: Deildarstjóri barnaverndar og deildarstjóri grunnskóladeildar.

Verkefni XIV: Samstarf menntasviðs, barnaverndar, heilsugæslu og BUGL

Markmið: Að bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra með markvissu samstarfi stofnana sem koma að þeim.

Samstarfsflötur:

- a) Að starfsmenn stofnana fundi með BUGL um einstaklingsmál barna.
- b) Að starfsmenn leggi í sameiningu fram áætlun um næstu skref sem unnið verður að til að bæta aðstæður barna.

Ábyrgð: Sálfræðingar barnaverndar og sérfræðiþjónustufulltrúi menntasviðs.

SUMARNÁMSKEIÐ

Megin markmið:

Að börn með sértækar þarfir hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og fái stuðning til að nýta sér almenn námskeið. Að ungmenni með sértækar þarfir fái vinnu yfir sumartímenn. Huga þarf sérstaklega að þátttöku barna af erlendum uppruna á sumarnámskeiðunum.

Verkefni I: Kynning á sumarnámskeiðum og atvinnu

Markmið: Að öll börn hafi jafnan aðgang að sumarnámskeiðum. Að ungmennum með sértækar þarfir standi til boða vinnu og virkni.

Samstarfsflötur:

- a) Að uppfæra heimasíðu sumarnámskeiða til að auðvelda foreldrum að sækja um stuðning fyrir barnið sitt.

- b) Að draga saman helstu upplýsingar í kynningarbækling (sjá verkefnið: Bætt aðgengi að upplýsingum)
- c) Að gera verklag um ferli og afgreiðslu umsókna fyrir börn sem þurfa á stuðningi að halda.

Ábyrgð: Deildarstjóri frístundaeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar fatlaðra.

ALDRAÐIR

Megin markmið :

Að veita eldra fólki fjölbreytta þjónustu, bæði inni á heimilum þeirra og utan þeirra. Félagssleg heimaþjónusta felst í aðstoð við heimilisþrif, heimsendum mat, félagslegri samveru og aðstoð við búðarferðir.

Verkefni I: Nýliðakynning

Markmið: Að eldri borgarar þekki starfið sem í boði er í bænum.

Samstarfsflötur:

- a) Að kynna starfsemi Kópavogsbæjar í samvinnu við ýmis félagasamtök og stofnanir til að mynda Félag eldri borgara í Kópavogi, Rauða Krossinn og kirkjurnar.

Ábyrgð: Deildarstjóri frístundaeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar aldraðra.

Verkefni II: Félagssleg einangrun eldri borgara

Markmið: Að rjúfa félagslega einangrun eldri borgara í Kópavogi.

Samstarfsflötur:

- a) Að starfsmenn heimaþjónustu aðstoði notendur til þess að nýta sér mötuneyti í félagsmiðstöðvunum.
- b) Að efla tengsl á milli starfsmanna heimaþjónustu og félagsmiðstöðva eldri borgara með samráðsfundum og kynningu á starfi hvors annars.

Ábyrgð: Deildarstjóri frístundaeildar og deildarstjóri þjónustu- og ráðgjafadeildar aldraðra.

ÖNNUR SAMSTARFSVERKEFNI

Hér verða tilgreind verkefni sem komu fram í hugmyndavinnu hópsins.

Verkefni I: Bæklingur fyrir erlenda foreldra

Markmið: Að útbúa bækling um skipulag skólastarfs og frístunda í Kópavogi, réttindi og skyldur.

Samstarfsflötur:

- a) Að sviðin vinni saman að gerð bæklinga. Bæklingurinn verður aðgengilegur á heimasíðum bæjarins og grunnskólanna.

Ábyrgð: Deildarstjóri grunnskóladeildar og deildarstjóri frístundaeildar.

Verkefni II: Eftirfylgni verkferla um ofbeldi

Markmið: Að starfsmenn stofnana hafi aðgang að samræmdu verklagi ef upp kemur grunur um ofbeldi eða vanrækslu.

Samstarfsflötur:

- a) Að starfsmenn sviðanna vinni að endurskoðun ferlanna á tveggja ára fresti.
- b) Að starfsmenn sjái um að upplýsa og kynna ferlana í stofnunum menntasviðs.

Ábyrgð: Deildarstjórar á menntasviði og deildarstjóri barnaverndar.

Verkefni III: Heimasíða Kópavogsbæjar aðgengileg á mismunandi tungumálum

Markmið: Að upplýsingar á heimasíðu Kópavogsbæjar séu aðgengilegar á mismunandi tungumálum. Að allar upplýsingar á heimasíðunni séu uppfærðar á ensku og google þýðingarhnappur sé aðgengilegur- sjá dæmi á heimasíðu slökkviliðsins (<http://shs.is/index.php/fraedsla/roskun-a-skolastarfi/>).

Samstarfsflötur:

- a) Að samstarfshópur mennta- og velferðarsviðs kynni hugmyndina fyrir UT-deild.

Ábyrgð: Samstarfshópur mennta- og velferðarsviðs.

Fylgiskjal I: Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar	Hlutverk/framlag	Væntingar hans	Úrræði í boði og lýsingar á þeim
Stjórnsýsla			
Starfsfólk sviða	Vera leiðandi í vinnu við að skapa verkfæri og verkferla fyrir starfsfólk stofnanna til velfarnaðar fyrir börn og ungmenni.	Að aukið samstarf náist milli sviða.	
Kópavogsbær	Verkefnið er unnið fyrir Kópavogsbæ.	Að aukið samstarf náist milli sviða.	
Sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs	Eru þeir sem bera ábyrgð á verkefninu.	Að aukið samstarf náist milli sviða.	
Velferðar- og menntaráð	Starfsmenn sviða starfa í þeirra umboði.	Að aukið samstarf náist milli sviða.	
Starfsemi grunnskóla			
Skólastjórar	Stýra grunnskólum bæjarins. Starfshópur hefði beint samband við hann ef safna þyrfti upplýsingum eða nýja vitneskju starfsfólks viðeigandi skóla.	Styttir boðleiðir, auðveldari samskipti, ánægðara starfsfólk, ánægðari börn og foreldrar.	a) Einkaskólar b) Atvinnutengt nám: Í boði fyrir nemendur í 10. bekk. Markmiðið að halda börnum í virkni. c) Einhverfudeildir: Unnið með nemendum með einhverfu og fjölþættar raskarir. d) Félagsmiðstöðvar: e) Fristundarheimili (1-4 bekkur): f) Tröð: Skammtímaskólaúrræði fyrir börn í vanda. g) Ungmennahúsið Molinn: Ungmenn- og menningarhús fyrir ungt fólk frá 16-25 ára. h) Smiðja: Staðsett í Snælandsskóla og er fyrir nemendur í 8-10 bekk með þroskakerðingar eða önnur frávík. i) Námsver: Staðsett í Kópavogsskóla og býður upp á aukinn stuðning við börn með námserfiðleika innan skólanna. j) Hrafninn: Fristund fyrir fötluð börn frá 5-10. bekkjar. k) Grunnskólakláakstur: Verktaki (Efstíðill) sinnir skólakstri barna með fatlanir.
Börn	Nemendur.	Að fá alla þá þjónustu, aðstoð og stuðning sem hvert þeirra þarf á að halda.	
Faghópar skólabjónustunnar: Kennarar Hjúkrunarfræðingar Sálfræðingar Námsráðgjafar	Leggja fram upplýsingar, vitneskju og einhverja vinnu í þeim verkefnum sem tilheyra þeim.	Að samstarfið muni auðvelda þeim vinnuna og auka stuðning til nemenda og starfsfólks.	
Foreldrar/Forráðamenn	Nýta sér grunnskólabjónustu bæjarins.	Að samstarfið muni auðvelda boðleiðir og þegar sækja á um þjónustu.	
Starfsfólk félagsmiðstöðvar			
Starfsfólk frístundaheimila (1-4. bekkur)			
Nemendaverndarráð (grunnskóla)			
Skólaráð (grunnskólum)			
Starfsemi leikskóla			
Leikskólustjórar	Stýra leikskólum bæjarins. Starfshópur hefði beint samband við hann ef safna þyrfti upplýsingum eða nýja vitneskju starfsfólks viðeigandi skóla.	Styttir boðleiðir, auðveldari samskipti, ánægðara starfsfólk, ánægðari börn og foreldrar.	a) Leikskólakstur: Verktaki (Efstíðill) sinnir skólakstri barna með fatlanir.
Börn	Nemendur.	Að fá alla þá þjónustu, aðstoð og stuðning sem hvert þeirra þarf á að halda.	
Faghópar leikskólabjónusta: Leikskólakennarar Leiðbeinendur Tálmeinafræðingar	Leggja fram upplýsingar, vitneskju og einhverja vinnu í þeim verkefnum sem tilheyra þeim.	Að samstarfið muni auðvelda þeim vinnuna og auka stuðning til nemenda og starfsfólks.	
Foreldrar/Forráðamenn	Nýta sér leikskólabjónustu bæjarins.	Að samstarfið muni auðvelda boðleiðir og þegar sækja á um þjónustu.	
Foreldraráð (leikskóla)			
Stjórnendateymi (leikskóla)			
Íþróttir og félagsstarf			
Íþróttafélög	Þjóða upp á íþróttæfingar fyrir börn, ungmenni og fullorðna.	Aukið samstarf við Kópavogsbæ.	a) Ungmennahúsið Molinn
Starfsfólk íþróttafélaga	Nota verkfæri sem verða til í vinnunni og taka þátt í að móta þau.		
Starfsfólk íþróttamannvirkja	Eru samstarfsaðilar varðandi framkvæmd afmarkaðra verkefna.		
Þjónusta fyrir fólk með fatlanir			
Ferðabjónusta	Verktaki sinni akstri fyrir fatlað fólk.	Betri boðleiðir og þjónusta.	a) Félagsmiðstöðvar b) Skammtímaævistarir: Býður upp á skammtímadvöl nokkra daga í mánuði fyrir börn með fatlanir. c) Stuðningsfjölskyldur: Veita börnum stuðning eina til tvær helgar í mánuði. Veita tilbreytingu í lífi barna og létta álagið á fjölskyldum. d) Rjóðrið: Býður upp á skammtímadvöl nokkra daga í mánuði fyrir fötluð og langveik börn. e) Örvri starfsþjálfun: Býður upp á starfsþjálfun og vinnu fyrir fatlað fullorðin fólk. f) Áttan-uppeldisráðgjöf: Veitir ráðgjöf til foreldra og fer hún fram á heimilum fjölskyldunnar. g) Vinasetur: Býður upp á helgardvöl fyrir fötluð börn.
Hæfingarstöðin á Dalvegi	Býður upp á hæfingu og vinnu fyrir fatlað fullorðin fólk.	Betri boðleiðir við sviðin og þjónusta við fatlað fólk.	
Liðveisla	Ætluð til að sinna félagslegum þörfum fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna.	Betri þjónusta fyrir fatlaða.	
Tilsið	Veitir uppeldisráðgjöf/aðra ráðgjöf á heimilum fólks.	Betri þjónusta fyrir fatlaða.	

Samstarfsaðilar	Hlutverk/framlag	Væntingar hans	Úrræði í boði og lýsingar á þeim
Örvi starfsþjálfun	Býður upp á starfsþjálfun og vinnu fyrir fatlað fullorðið fólk.	Betri boðleiðir og þjónusta.	
Heimili fatlaðs fólks	Íbúðakjarnar og samþýli þar sem fatlað fólk býr.	Starfsfólk og íbúar munu upplifa auðveldari samskipti og bættu þjónustu með auknu samstarfi sviðanna.	
Þjónusta fyrir aldraða			
Félagsmiðstöðvar aldraðara	Þjónða upp á afþreyingu fyrir aldraða.		
Heimþjónusta	Sinnir félagslegri heimþjónustu inn á heimilum aldraðra og fatlaðra.		
Roðasalur	Heimili og dagþjónusta fyrir aldraða.		
Barnavernd/þjónusta við börn og ungmenni			
PMTO	Foreldrafærni námskeið, hóp- og einstaklingsnámskeið.		A) Áttan-uppeldisráðgjöf: Nær til foreldra. Ráðgjöfin fer fram á heimilum fjölskyldunnar. B) Neyðarvakt barnaverndarmála: Neyðarvakt vegna barnaverndarmála. Alltaf opin utan opnunartíma velferðarsviðs. C) Unglingavaktin: Veitir foreldrum sem hafa áhyggjur af neyslu barna sinna ráðgjöf og stuðning. D) Vistanir barna utan lögheimilis
Tilsjón	Veitir uppeldisráðgjöf/aðra ráðgjöf á heimilum fólks.		
Persónulegir ráðgjafar	Veita börnum félagslegan og tilfinningalegan stuðning (16-20 klst. á mánuði).		
Stuðningsfjölskyldur	Veita börnum stuðning eina til tveir helgar í mánuði. Veita tilbreytingu í lífi barna og létta álagi á fjölskyldum.		
Vistheimili	Veitir börnum mótöku í bráðatilvikum þegar þau geta ekki verið heima hjá sér.		
Ytri samstarfsaðilar			
Barnaverndarstofa:	Annast stjórnábyrgð á því sviði sem barnaverndarlög ná til. Veitir fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir og hefur ýmis barnaverndarúrræði.		
Barnahús	Meðferð veitir fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.		
MST	Meðferðarúrræði fyrir fjölskyldur barna 12-18 ára með alvarlegan hegðunarvanda.		
Meðferðarheimili	Laugaland og Lækjarbakkii veita börnum á aldinum 13-18 ára sem eiga við hegðunarröskun og eða vímuefnavanda meðferð.		
Vistanir barna utan heimilis	Þjónusta fyrir börn sem ekki geta búið á heimilum sínum. Skiptist í tímabundið, varanlegt og styrkt fóstur.		
SÓK-teymi	Veitir börnum meðferð sem sýnt hafa óviðeigandi kynhegðun.		
PMTO	Innleiðir PMTO aðferðina á Íslandi		
Stuðlar	Meðferðarheimili		
BUGL	Veitir börnum með geð- og þroskasknir ýmsa þjónustu.		
Fjölsmiðjan	Þjálfun fyrir ungmenni áður en þau fara á almennan vinnumarkað. Vinnusetur fyrir 16-24 ára.		
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Annast greiningu og ráðgjöf vegna barna með viðtækar þroskaskerðingar.		
Landspítali	Sinnir meginstarfsemi heilbrigðisþjónustu, bæði almennri og sérhæfðri.		
Lögregla	Sinnir löggæslu.		
Stéttarfélag	Starfsmenn sviða og stofnanna tilheyra stéttarfélagum.		
Þroska- og hegðunarstöð	Veitir þjónustu fyrir börn sem glíma við frávík eða erfiðleika í þroska, hegðun eða líðan.		
Heilsugæslur höfuðborgarsvæðisins	Veita þjónustu á sviði heimilislæknings, hjúkrunar og heilsuverndar.		
Önnur sveitarfélög	Eigum í samstarfi við önnur sveitarfélög vegna leikskóla, grunnskóla og annarra velferðarmála.		



VELKOMIN
STARFSDAGUR
MENNTA- OG VELFERÐARSVIÐS

23. MAÍ 2018

KLUKKAN 11-15

FAGRILUNDUR V/FURUGRUND
KÓPAVOGI

Mennta- og velferðarsvið vinna saman að fjölbreyttum verkefnum. Þessi starfsdagur er ætlaður til að styrkja samstarfið, mynda sterkari tengsl á milli starfsfólks og hefja samtal um frekari samvinnu.



Málefni

Nr borðs Málefni	Kaffihúsastjóri
Borð 1 Neysluvandi unglunga	Kjell (velferðarsvið)
Borð 2 Mætingarvandi /skólaforðun	Tommi (menntasvið)
Borð 3 Börn af erlendum uppruna	Hekla (menntasvið)
Borð 4 Samstarf varðandi félagstarf aldraðra	Gauja (velferðarsviðs)
Borð 5 Félagsstarf fyrir nemendur með sérþarfir/stuðningur fyrir börn með sérþarfir	Jóhanna Lilja (velferðarsvið)
Borð 6 Fyrirbyggjandi starf í leik- og grunnskólum með snemmtækri íhlutun	Ásdís E. (menntasvið)
Borð 7 Samstarf um fræðslu og námskeið fyrir foreldra og börn	Lilja Rós (velferðarsviðs)



Dagskrá

Kl: 11 ⁰⁰ til 9 ¹⁵	Sviðsstjórar sviðanna boða fólk velkomið og kynna markmið dagsins.
Kl: 11 ¹⁵ til 11 ³⁵	Ör stefnumót
Kl: 11 ³⁵ til 11 ⁵⁰	Kynning á sviðum
Kl: 11 ⁵⁰ til 12 ³⁰	Matur í boði sviðanna
Kl: 12 ³⁰ til 13 ¹⁵	Hópvinna 1 (sjá þemu á næstu bls)
Kl: 13 ¹⁵ til 14 ⁰⁰	Hópvinna 2 (sjá þemu á næstu bls)
Kl: 14 ⁰⁰ til 15 ⁰⁰	Spurningaleikur
Kl: 15 ⁰⁰	Veitingar og spjall